

Fundargerð skólaráðs Fossvogsskóla, þriðjudaginn 8. júní 2021 kl. 8:30

Mættir: Árni Freyr Thorlacius Sigurlaugsson, Gísli Sigurðarson (kemur inn sem varamaður fyrir Höllu Gunnarsdóttur), Guðrún Þorsteinsdóttir, Karl Óskar Þráinsson, Agnar Freyr Helgason, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir sem jafnframt skrifar fundargerð.

Fjarverandi: Helena Rósa Róbertsdóttir

Fundardagskrá:

- ✓ Næstu skref í húsnæðismálum – horft yfir sviðið úr 3000 metrum
 - Færanlegar kennslustofur
- ✓ Önnur mál
 - Skóladagatal komandi skólaárs
 - Staðan í ráðningum
 - ...
- ✓ Fundur hófst á því að upplýst var um inntak bréfs sem stjórn Foreldrafélags Fossvogsskóla [FFF] sendi foreldrum nemenda í öllum árgöngum skólans í þeim tilgangi að styrkja rödd skólasamfélagsins varðandi húsnæðismál skólans. Kallað er eftir því að stærri samráðshópur foreldra og starfsmanna komi að borðum. Lagt er til að hópurinn verði samsettur af fulltrúum í skólaráði, stjórn FFF og sama fjölda starfsmanna.
- ✓ Lagðar voru fram teikningar af færanlegum kennslustofum á skólalóð Fossvogsskóla sem skólastjóra bærust til umsagnar.
- ✓ Rætt var um að nauðsynlegt sé að fullmóta tvær tillögur um skólastarf til næstu eins eða tveggja ára. Talið er að sátt muni komast á skólastarfið ef skólasamfélagið allt á aðkomu að ákvörðun um næstu eitt til tvö árin. Tillögunum þurfa að fylgja nánari útskýringar á kostum og göllum hvorrar tillögunnar fyrir sig bæði varðandi staðsetningu skólans og á kennsluháttum.
- ✓ Bent var á að inn í þær framkvæmdir sem fyrirsjáanlegar eru á skólalóð Fossvogsskóla hafi enn ekki verið tekið tillit til hávaðamengunar sem skapast á framkvæmdatíma. Það geti verið krefjandi að kenna við þannig aðstæður. Hér voru rifjuð upp lætin sem voru í og við Fossvogsskóla haustið 2019 þegar flutt var inn í skólahúsnæðið á framkvæmdatíma. Rætt var að skólahald og framkvæmdir fari ekki saman.
- ✓ Bent var á að hætta getur skapast af umferð bíla á framkvæmdasvæði samfara útiveru nemenda á skólatíma.
- ✓ Rætt var um álag sem fylgir því fyrir nemendur og starfsfólk að sitja í rútum og ákveðið að mynda stífari umgjörð um viðeigandi hegðun í rútum. Hér var bent á að virkja fleira starfsfólk og kennara til að fylgja í rútur. Horfa til þeirra verkferla sem skólinn býr yfir eins og „uppeldi til ábyrgðar“ og að fá foreldra í lið með skólanum svo verkferlar séu samþykktir af heimilum og ræddir þar.
- ✓ Bent var á að flutningar taka tíma frá skólastarfi og æskilegast að hafa sem fæsta flutninga innan skólaársins. Það sé vandasamt fyrir nemendur og starfsfólk að byrja á núlli aftur og aftur.
- ✓ Rætt var um að funda með starfsfólki um húsnæðismál skólans á skipulagsdögum sem eru framundan; 10. 11. eða 14. júní.

Fundi slitið kl. 9:40